

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 6. febrúar 1987

**um breytingar á II. viðauka við tilskipun ráðsins 71/307/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um textílfleiti****(87/140/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textílfleiti og merkingar textílvára.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/307/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um textílfleiti <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 83/623/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 15. gr. a,

1. gr.

1.- 2., 3., 28. og 38. lið í II. viðauka við tilskipun 71/307/EBE er hér með breytt í samræmi við viðauka tilskipunar þessarar.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 71/307/EBE, þar sem tilgreind eru viðtekin frávík sem gilda um þurrt efnismagn hverrar trefjategundar við greiningu og ákvörðun trefjainnihalds, koma í 1.- 2. og 3. lið tvenns konar viðtekin frávík við útreikning á samsetningu kembdra eða greiddra trefja sem innihalda ull og/eða dýrahár. Ekki er alltaf unnt að greina á tilraunastofum hvort framleiðsluvara sé kembd eða greidd og því getur ósamræmi komið fram í niðurstöðum sé ákvæði þessu beitt við prófanir á samræmi viðvíkjandi textílvörum innan bandalagsins. Því ber að heimila að beitt sé einu viðteknu frávíki á rannsóknastofum í vafamálum.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. september 1988 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Strax og tilkynnt hefur verið um tilskipun þessa skulu aðildarríkin einnig láta framkvæmdastjórnina vita um hver þau drög að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem þau hyggjast samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til svo að hún geti lagt fram athugasemdir í tæka tíð.

3. gr.

Óþarft er að greina í 28. lið fyrrnefnds viðauka á milli ólíkra gerða pólýamíðs eða nælons og ber því að sameina tilsvarendi frávík í eina línu.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Fella ber niður orðin „samfelldur þráður“ í 38. lið (glertrefja) þar eð trefjan fyrirfinnst einnig í ósamfelldu formi.

Gjört í Brussel 6. febrúar 1987.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Grigoris VARFIS

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 185, 16. 8. 1971, bls. 16.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 353, 15. 12. 1983, bls. 8.

## VIÐAUKI

1. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á eftirtöldum liðum:

1-2 og 3: Tilvísun í neðanmálgrein „<sup>(1)</sup>“ er sett inn á eftir tölunni 17,00 í sömu línu og kembdar trefjar undir yfirskriftinni „Ull og dýrahár“ og yfirskriftinni „Dýrahár“.

28: Textinn í dálkum þeim sem bera yfirskriftina „Trefjar“ og yfirskriftina „Hundraðstölur“ skal vera:

„Pólýamíð eða nælon:

ósamfelld trefja	6,25
samfelldur þráður	5,75“.

38: Textinn í dálkum þeim sem bera yfirskriftina „Trefjar“ og yfirskriftina „Hundraðstölur“ skal vera:

„Glertrefjar:

að meðalþvermáli yfir 5 $\mu\text{m}$	2,00
að meðalþvermáli 5 $\mu\text{m}$ eða minna	3,00“.

2. Neðanmálgrein<sup>(1)</sup> hljóði svo:

„<sup>(1)</sup> Nota ber einnig hin viðteknu frávik 17,00% þar sem ómögulegt er að ganga úr skugga um hvort textílvara sem inniheldur ull og/eða dýrahár er greidd eða kembd.“

---